



Borgarbyggð

Ásgerður Hafdís Hafsteinsdóttir

Borgarbraut 14

310 BORGARNES

Garðabær, 15.4.2025

Málsnúmer: 202503-0009/-0011

IAS

Efni: Hraunsás III, breyting á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag.

Vísað er til tveggja erinda frá Borgarbyggð, dagsett 6. mars 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar vegna breytingar á aðalskipulagi Borgarbyggðar og nýs deiliskipulags fyrir Hraunsás III.

Breytingarna felast í því að um 19 ha svæði í landi Hraunsáss III verður breytt úr frístundabyggð í verslunar- og þjónustusvæði. Landið er óbyggt, vaxið birkiskógi að hluta og nær að bökkum Hvítár um 1 km ofan Barnafoss og Hraunfossa. Í gildandi aðalskipulagi er landið skilgreint sem svæði fyrir frístundabyggð en eins og að ofan greinir er fyrirhugað að breyta skilgreiningu landsins í verslunar og þjónustusvæði og reisa þar allt að 25 gistihús fyrir ferðamenn ásamt þjónustuhúsi.

Náttúrufræðistofnun veitti umsagnir um bæði skipulagslýsingu (6. júní 2024) og vinnslutillögu aðalskipulagsbreytinganna (6. nóvember 2024) og ítrekar hér fyrri ábendingar.

Mikilvægt er að því sé fylgt eftir að framkvæmdum verði hagað með þeim hætti að skóginum verði raskað sem minnst og að farið verði eftir skilmálum hverfisverndar um að ekki verði heimilt að rækta erlendar plöntutegundir á svæðinu. Þá þarf að huga að því að uppbyggingin hafi ekki neikvæð áhrif á friðlýsta svæðið við Hraunfossa og Barnafoss.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur